

Nefndadeild
24.febr.1992/RÁ.

Alþingi
Erindi nr. þ 115/553
komudagur 25 / 2 1992

**Athugasemdir og breytingartillögur
við frv. til l. um Lánasjóð ísl. námsmanna
sem fram komu við l. umr. málsins á Alþingi í febrúar 1992
(útdráttur úr óyfirlesnum umræðum).**

1. gr.

Meginhlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita námsmönnum námslán til framhaldsnáms við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

Kristín Einarsdóttir benti á að ekki væri tekið fram í ákvæðinu að það ætti við íslenska námsmenn, íslenska ríkisborgara eða námsmenn búsetta hér á landi. Með ákvæðinu væri og verið að hverfa frá lánum til verkmenntunar. Hún taldi að það þyrfti að athuga sérstaklega með hvaða hætti þetta væri í nágrannalöndunum og hvort það væri eðlilegt að hætta algerlega að styðja fólk á framhaldsskólastigi.

Guðrún Halldórsdóttir sagði að ungt fólk sem stæði frammi fyrir vali um verknám eða háskólanám, myndu hika við að fara í verknám og velja jafnvel nám sem ekki hæfði því eins vel vegna betri lánakjara. Jafnframt yrði ekki annað séð en að þetta kerfi myndi hvetja til þess að reynt yrði að koma fósturnámi, þroskaþjálfaskóla og fleiri skólum, hugsanlega bændaskólum líka, upp á háskólastig jafnvel þótt þess væri ekki þörf.

Anna Ólafsdóttir Björnsson tók undir þetta og sagðist treysta því að þetta yrði athugað í nefnd.

Sturla Böðvarsson sagði að á Norðurlöndunum væru veittir námsstyrkir og námslán til þeirra sem stundi nám á menntaskóla- eða fjölbrautarstiginu. Hér á landi hafi íslenskir námsmenn haft möguleika á því að stunda vinnu yfir sumartímann og afla sér tekna með ýmsum hætti til þess að standa straum af námi sínu. Svo yrði vonandi áfram en samt sem áður þyrfti að athuga málin og læra e.t.v. eitthvað af nágrönnum okkar hvað þetta varðaði. Taldi hann nauðsynlegt að menntamálanefnd tæki það til skoðunar hvort ástæða væri til breytinga á frumvarpinu hvað þetta snerti.

Svavar Gestsson lagði til að í frumvarpið yrði sett ákvæði þess efnis að markmið laganna væri jafnrétti til náms, þó það væri ekki annað en almenn markmiðsyfirlýsing af því tagi.

2. gr.

Lánasjóði er heimilt að veita öðrum námsmönnum námslán en þeim sem falla undir skilgreiningu 1. gr. enda hafi þeir náð 20 ára aldri á því almanaksári sem lán er veitt og stundi sérnám.

Valgerður Sverrisdóttir taldi að ákvæðið fæli í sér valdframsal frá ráðherra til sjóðsstjórnar. Í ákvæðinu væri sjóðsstjórn heimilt að lána til annars náms en tiltekið væri í 1. gr. frv. Stjórnin væri aftur á móti ekki skyldug til þess að neinu leyti og væri þetta veigamikil breyting frá núgildandi lögum. Hér væri verið að auka á ööryggi þess fólks sem leggði stund á sérnám sem ekki teldist á háskólastigi hvort heldur væri hér á landi eða erlendis.

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra svaraði að tekið hafi verið út það ákvæði að nemendur tiltekinna skóla eða einstakir árgangar þeirra skyldu njóta námslána samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Með því væri leitast við að hafa samræmi í lánareglum. Það yrði áfram heimild til þess að lána öðrum en þeim sem féllu undir 1. gr., enda hefðu þeir náð 20 ára aldri.

20 ára aldurstakmark.

Valgerður Sverrisdóttir lýsti sig ákaflega andvíga tuttugu ára aldurstakmarkinu. Þetta ákvæði væri í þversögn við orð menntamálaráðherra um að hlúa þyrfti sérstaklega að stuttu starfstengdu námi. Sú ákvörðun sem tekin hafi verið á áttunda áratugnum að gera iðnnámið lánshæft hafi komið til ekki síst vegna þrýstings frá atvinnulífínu. Ekki yrði séð að þær forsendur hefðu breyst.

Kristín Einarsdóttir spurði hvort það væri eðlilegt að eingöngu væri miðað við 20 ára aldur.

Steingrímur Hermannsson taldi að ákvæðið ætti eftir að draga mjög úr lánveitingum til þeirra sem væru t.d. í iðnnámi og hlyti það þá að mismuna mjög aðstöðu manna til þess að sækja slíkt nám. Þeir sem byggju á landsbyggðinni og sem yrðu að flytjast búferlum til þess að stunda iðnnám væru augljóslega verr settir en þeir sem ættu stutt að sækja og gætu e.t.v. búið heima hjá sér.

Guðrún Helgadóttir spurði hvers þeir ættu að gjalda sem lykju framhaldsnámi miklu fyrr, dæmi væru til þess að menn hefðu lokið stúdentsprófi 17 ára gamlir.

Árni M. Mathiesen sagði að reglan væri til þess að jafnræði kæmist á. Með núverandi fyrirkomulagi gæti það átt sér stað að námsmenn yngri en 20 ára í framhaldsskóla sætu ekki við sama borð hvað varðaði námslán, og vísaði til nemenda í fjölbrautarskóla annars vegar í verknámi og hins vegar í bóknámi.

Finnur Ingólfsson taldi að frumvarpið kæmi ekki í veg fyrir að menn stunduðu verknám en það myndi a.m.k. draga verulega úr áhuga manna fyrir verknámi.

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra svaraði að það kæmi sér dálítið á óvart ef menn vildu í gegnum Lánasjóðinn beina mönnum inn á tilteknar námsbrautir fremur en aðrar. Hann hafi sérstaklega tekið fram og óskað eftir því að menntamálanefnd athugi þetta mál.

Svavar Gestsson sagði að ákvæðið væri fráleitt út frá fjárhagslegum forsendum. Ákvæðið um 20 ára aldurstakmark myndi skila inn 40 millj. kr. á ári en sjóðurinn veiti um 4-5 milljörðum á ári.

Össur Skarphéðinsson benti á að takmarkanir væru auknar á lánveitingum til þeirra sem vildu fara í stutt iðnnám og ekki væru orðnir tvítugir. Hann fagnaði því að menntamálaráðherra hafi beint því til menntamálanefndar að taka þetta sérstaklega til endurskoðunar.

Ólafur Þ. Þórðarson sagði að hægt væri að stilla málinu upp þannig að ekki væri

sanngjarnt að menn sætu hlið við hlið í fjölbrautarskóla og annar fengi námslán en hinn ekki. Það væri líka hægt að spyrja hvort það væri sanngjarnt að sá sem stundaði verknám fengi engin námslán en hinn sem stundaði háskólanám fengi háa upphæð. Það væri vissulega ljóst að hugsanlegt væri að menn færu fyrst í verknám og síðan í háskólanám. Þá væri hugsanlegt að hafa ákvæði þess efnis að ef svo stæði á drægist sá tími sem fór í verknámið frá námslánum við háskóla. Rökin væru þau að lánþegi hafi notfært sér kerfið meðan hann var í fjölbrautarskóla og það komi þá til frádráttar þegar hann fari í háskólann.

Sturla Böðvarsson taldi mikilvægt að nemendur m.a. í iðnnámi ættu aðgang að sjóðnum og það ætti að leggja áherslu á það að hvetja námsmenn og ungt fólk til þess að leggja út á braut verknáms ekki síður en annað nám m.a. með því að veita námslán.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir gat ekki séð að það væri sérstakt réttlætismál að svipta þann sem nú væri í verknámi og ætti rétt á námsláni þeim rétti. Þeir sem væru í verknámi, væru í sérnámi sem gæfi ákveðna starfsmöguleika. Reynslan sýndi að þeir nemendur kæmu mjög fljótt út í atvinnulífið og hefðu auk þess tekið lán á stuttum tíma sem þeir myndu greiða hratt upp. Í frumvarpinu væri ekki um sparnað að ræða í þessu sambandi heldur frestun, því að ef þetta fólk ætti ekki kost á námsláni þá mynda það væntanlega fresta sínu námi og kæmi síðar út í atvinnulífið.

3. gr.

Miða skal við að námslán samkvæmt lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði meðan á námi stendur.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka tillit til annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns.

Stjórn sjóðsins setur nánari ákvæði um úthlutun námslána.

Valgerður Sverrisdóttir taldi að ákvæðið fæli í sér valdframsal frá ráðherra til sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn væri falið það vald að ákveða til hvaða þátta taka bæri tillit til þegar framfærsla námsmanna væri ákvörðuð.

Guðrúnu Helgadóttur fannst það ógnvænlegt það vald sem væri lagt í hendur stjórnarinnar, að hún ætti að meta til hvers skuli tekið tillit við aðstæður þeirra fjölskyldna sem þurfa á lánum að halda. Taldi hún nauðsynlegt að samræmdar reglur yrðu settar um þá hluti.

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra svaraði því til að í núgildandi lögum væru talin upp atriði sem taka skyldi tillit til við ákvörðun námslána. Með þessari breytingu hafi stjórnin meira svigrúm til ákvarðana en nú er, og með henni gæfist svigrúm til þess að taka tillit til ófyrirséðra þátta.

Svavar Gestsson taldi að með orðalagi 3. gr. frv. væri verið að fella hið félagslega tillit út sem væri kveðið á um í gildandi lögum.

Steingrímur J. Sigfússon var sama sinnis, að tilvísun til félagslegra ástæðna væri felld niður. Eðlilegu tilliti til náms- og framfærslukostnaðar væri kippt út í því samhengi sem það væri í gildandi lögum og staða þeirra námsmanna veikt sem þyrftu á þessu tilliti að halda.

Sturla Böðvarsson taldi mikilvægt að það væri skýrt að stjórninni væri ætlað að taka tillit til fjölskyldustærðar og búsetu námsmanna. Það væri óhjákvæmilegt að taka tillit til þessa auk ferðakostnaðar og annars er lyti að raunverulegum námskostnaði. Það þyrfti að athuga hvort ástæða væri til að taka það fram með ótvíræðum hætti í lagatexta.

Finnur Ingólfsson tók undir þetta. Hann bætti því við að ef aðstæður námsmanna yrðu ekki nánar skilgreindar og afmarkaðar í 3. gr. frumvarpsins, gætu allir farið að taka lán og 3% vextir myndu engu breyta í því sambandi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir spurði hvernig færi um hið félagslega tillit sem getið væri í gildandi lögum. Það væri að vísu ekkert sem segði það að ekki væri hægt að viðhalda því í úthlutunarreglunum, en æskilegra væri að kveðið yrði á um það í lögum.

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra sagði að með orðalagi greinarinnar væri verið að veita sjóðsstjórn heimild til að taka tillit til félagslegra þátta við úthlutun námsláns. Honum þætti ekki skynsamleg leið að binda félagslegt tillit í lögum og rétt væri að hafa þetta í höndum sjóðsstjórnar.

6. gr.

Námslán skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur.

Námsmaður skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán á hverju missiri meðan hann er við nám, þó ekki lengur en hæfilegur námsúmi er talinn í þeirri grein og í þeim skóla þar sem nám er stundað.

Námslán skal ekki veitt nema námsframvinda sé með eðlilegum hætti.

Námsmenn, sem fá lán úr sjóðnum, skulu undirrita skuldabréf við lántöku og leggja fram yfirlýsingu tveggja manna um að þeir taki að sér sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt vöxtum og verðtryggingu þess.

Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum lántakendur og ábyrgðarmenn skuli fullnægja. Ábyrgð ábyrgðarmanns, eins eða beggja, getur fallið niður enda setji námsmaður aðra tryggingu sem stjórn sjóðsins metur fullnægjandi.

Stjórn sjóðsins er heimilt að innheimta lántökugjöld af veittum lánnum.

Valgerður Sverrisdóttir taldi að ákvæðið fæli í sér valdframsal frá ráðherra til sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn væri falið að ákvarða hvaða skilyrðum lántakendur og ábyrgðarmenn skyldu fullnægja svo viðunandi teldist.

Svavar Gestsson taldi að þetta vald ætti ekki að vera í höndum stjórnar sjóðsins. Hann taldi eðlilegt að um þetta væri sett reglugerð og um þetta mál væru nánari ákvæði í lögum sjálfum.

Ábyrgðarmenn.

Valgerður Sverrisdóttir benti á að hertar kröfur væru til ábyrgðarmanna lána í frumvarpinu. Ljóst væri að verið væri að tala um tvöfalda greiðslubyrði á námslánnum. Hún efaðist um að það ætti eftir að auðvelda að fá aðstandendur til að ábyrgjast greiðslur sem sýnt væri að yrðu miklar.

Kristín Einarsdóttir sagðist efast um það fyrirkomulag að tveir menn þyrftu að ganga í sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lána. Þarna gæti skipt verulegu máli að lántakendur hefðu sterka að sem gætu tekið á sig þessa sjálfskuldarábyrgð. Í þessu sambandi væri nauðsynlegt að upplýsa hvort algengt væri að námsmenn stæðu ekki við skuldbindingar sínar og ábyrgðarmenn þyrftu að greiða lánin.

Steingrímur Hermannsson taldi að það gæti reynst mörgum erfitt að ná í tvo ábyrgðarmenn og gæti orðið til þess að hindra að námsmenn fengju námlán. Hvort það væri ekki nóg að hafa einn ábyrgðarmann og ganga e.t.v. betur á eftir því að hann væri traustsins verður.

Guðrún Helgadóttir dró stórlega í efa að námsmönnum gengi vel að fá tvo ábyrgðarmenn. **Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra** sagði að það væri ekki algengt að greiðslur féllu á ábyrgðarmenn en ekki væri það óþekkt.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir taldi að með ákvæðinu væri ríkisvaldið að gera kröfu til þess að einstaklingar gerðust sjálfstæðir ábyrgðarmenn að hundruðum þúsunda, jafnvel milljónum króna án þess að vita í rauninni hver framtíð þess fólks yrði sem væru að taka námslán. **Svavar Gestsson** efaðist um að fyrirkomulagið um tvo ábyrgðarmenn gengi upp, lánin væru það há. Hann lagði til að frumvarpinu yrði breytt til samræmis við gildandi lög, að ábyrgðarmaður á hverju skuldabréfi væri aðeins einn og gefinn væri kostur á skiptingu bréfanna á fleiri en einn aðila.

Guðrún Halldórsdóttir sagði að það væri skynsamlegra að hafa fleiri lægri lán sem auðveldara væri fyrir ábyrgðarmenn að skrifa upp á.

Ólafur P. Þórðarson sagði að það væri ekki sjálfgefið að ábyrgðarmaður, þótt hann skrifaði einu sinni upp á námslán, treysti sér til að fylgja þeirri ábyrgð eftir án tillits til þess hve há upphæðin yrði. Þess vegna væri það rökrétt að hafa skuldabréfin fleiri en eitt svo að ábyrgðarmennirnir geti verið fleiri.

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra fannst koma vel til greina að setja reglur um fleiri ábyrgðarmenn en gert væri í frumvarpinu en það hefði hins vegar í för með sér mikið óhagræði fyrir sjóðinn og kostnaðarauka að þurfa að innheimta mörg skuldabréf þar sem í raun væri um eina skuld að ræða.

Námsárangur.

Valgerður Sverrisdóttir taldi að kröfur um námsárangur sem skilyrði námsaðstoðar þýddi það að verið væri að skerða námslán um 10%. Það hafi sýnt sig að kostnaður nemenda á fyrsta ári væri allt að 10%, sem þyrftu að taka bankalán sér til framfærslu. Ef þetta endurtæki sig á hverju ári þýddi það verulega skerðingu.

Kristín Einarsdóttir benti á að það væru fyrst og fremst bankarnir sem lánuðu fyrsta árs nemum. Athuga þyrfti nánar hvort bankarnir lánuðu öllum án tillits til efnahags og hvort námsmenn þyrftu að hafa einhvern bakhjarl til að fá lán, t.d. efnaða foreldra. Hvort það væri ekki rétt að hafa heimild inni í lögum til þess að lána nemum á fyrsta ári þrátt fyrir að þeir hafi ekki sýnt tilskilinn árangur. Það væri mjög mikilvægt að ganga ekki fram hjá þeim sem ættu erfitt með að afla sér láns utan Lánasjóðsins.

Steingrímur Hermannsson benti á að skilyrði um námsárangur gæti orðið til þess að námsmenn þyrftu sífellt að taka bankalán með 10% kostnaði sér til framfærslu. Ef námsmaður tæki lán í banka á fyrstu önn myndi hann nota námslánið sem hann fengi eftir önnina til að greiða það lán. Síðan þyrfti hann að taka annað bankalán sér til framfærslu, greiddi það eftir aðra önn með námsláninu og svona koll af kolli. Hann spurði hvort ekki væri nóg að láta námsárangur eftir fyrstu önn nægja.

Guðrún Helgadóttir spurði hvernig námsmenn ættu að sýna fram á að þeim miðuðu eðlilega við ritun doktorsritgerðar eða einhverra slíkra langtímaverkefna.

Svavar Gestsson sagði að ákvæðið þýddi það að sá sem ekki ætti fé í byrjun, annað hvort frá foreldrum sínum eða sjálfum sér, til að hefja nám og tæki bankalán á fyrsta ári til að framfleyta sér væri í raun og veru að borga 10% vexti til bankanna allan sinn námstíma. Þetta jafngildi 6-8% eða 10% flatri skerðingu á námslánin allan námstímann.

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra sagði að hér væri um lánasjóð að ræða sem lánaði fólki svo það mætti stunda sitt nám. Það væri því eðlilegt að gera þá kröfu að námsmaður, til þess að fá lán fyrir tiltekið tímabil, sýndi fram á að hann stæðist námskröfur sem gerðar væru til hans. Ekki væri lánað úr LÍN nema um raunveruleg námslán sé að ræða.

Lántökugjald.

Valgerður Sverrisdóttir benti á varðandi valdframsal að lántökugjaldið væri háð valdi stjórnarinnar til ákvörðunar.

Svavar Gestsson lagði til að ákvæði um lántökugjald yrði fellt niður auk þess sem hann efaðist um að það stæðist stjórnarskrá og venjur að heimila stjórn sjóðsins að ákveða upphæð lántökugjalda og taldi það vera hlutverk hins beina framkvæmdarvaldshafa, ráðherrans.

Steingrímur Hermannsson sagði að í lántökugjaldi fælist í raun hækkun vaxta.

Steingrímur J. Sigfússon sagði að hann væri mótfallinn lántökugjaldi. Það tengdist grundvallarsjónarmiðinu um vaxtatöku af námslánum. Hann spurði hvort það væri eðlilegt að Lánasjóðurinn tæki 1,2% lántökugjald og hvort þessi heimild væri opin.

Sturla Bövarsson taldi lántökugjald eðlilegt til að standa undir rekstri á Lánasjóðnum, en sagði að það mætti ekki vera sjálfvirk trygging fyrir því að útgjöld sjóðsins, stjórnun hans og rekstur gæti verið ótakmarkaður að því marki sem lántökugjaldið væri. Lántökugjaldið ætti ekki ótvírætt og algerlega ganga til þess að greiða rekstrarkostnað sjóðsins.

7. gr.

Lán úr sjóðnum skulu verðtryggð. Verðtryggingin er miðuð við breytingar á lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 13/1979. Reiknast verðtryggingin frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er veitt, eða einstakir hlutar þess greiddir út, til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla fer fram.

Verði breyting á grundvelli lánskjaravísitölunnar eða við útreikning hennar skal þriggja manna nefnd ákveða hvernig vísitölur samkvæmt nýjum breyttum grundvelli skulu tengdar eldri vísitölum. Nefndin skal þannig skipuð að Seðlabanki Íslands tilnefni einn mann, Hæstiréttur annan en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar.

Pegar nýtt skuldabréf er gefið út skulu eldri skuldabréf sameinuð þannig að á hverju nýju skuldabréfi komi fram upphæð heildarskuldar námsmanns eins og hún er á útgáfudegi skuldabréfsins. Endurgreiðsla fer fram á grundvelli síðasta skuldabréfs sem námsmaður gefur út.

Lánstími námsláns skal vera fjórfaldur eðlilegur tími þess náms sem lánað er til og skal lánstími tilgreindur í skuldabréfi. Ljúki námsmaður ekki námi skal lánstími vera tvöfaldur eðlilegur námstími. Endurgreiðsla hefst ári eftir námslok. Sjóðstjórn skilgreinir hvað telja beri námslok og endurgreiðslutíma samkvæmt lögum þessum og úrskurðar um vafatífelli.

Lán úr sjóðnum skulu bera 3% ársvexti af höfuðstól skuldarinnar. Vextir reiknast frá námslokum.

Sameining skuldabréfa í eitt.

Finnur Ingólfsson sagði að námsmaður fengi fjölda aðila til að skrifa upp á skuldabréf sín. Þetta væru lágar upphæðir í hvert sinn, en svo þegar uppgjörið lægi fyrir þá væri lánið kannski upp á 2-3 millj. króna. Hann spurði hvort það væri hægt að fá einhvern til þess að skrifa upp á slíkt bréf sem sjálfskuldaraðili.

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra sagði að það kæmu aðrar leiðir til greina um sameiningu skuldabréfa en sú sem getið væri í fumvarpinu. Hann hafi látið kanna áhrif annarra leiða sem hann hafi komið til menntamálanefndar.

Stytting greiðslufrests.

Valgerður Sverrisdóttir benti á að ef greiðslufrestur væri stytur úr þremur árum í eitt girti það fyrir möguleika til húsnæðiskaupa þar til greiðslum af námslánnum væri lokið. Þá ætti fólk á miðjum aldri eftir að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Í öðru lagi mætti nefna að það taki tíma að koma sér fyrir á vinnumarkaði að námi loknu.

Steingrímur Hermannsson taldi óeðlilegt að endurgreiðslur hæfust ári eftir námslok. Á þeim tíma væru námsmenn að hasla sér völl, væru e.t.v. ekki búnir að fá atvinnu, þeir væru að fá sér húsnæði og koma sér fyrir. Það mætti hugsanlega stytta greiðslufrest lánanna frá því sem nú gildir, en eitt ár væri of stuttur tími.

Guðrún Helgadóttir taldi að ef þetta endurgreiðslukerfi ætti að ná fram að ganga væri mjög erfitt fyrir námsmenn að loknu námi að komast inn í húsbrefakerfið.

Sturla Böðvarsson nefndi að með því að setja vexti á námslán og stytta greiðslutíma myndi greiðslubyrði námsmanna aukast frá því sem er nú í dag og taldi að menntamálanefnd þyrfti að athuga þetta rækilega, athuga greiðslubyrðina þegar vextir væru komnir á námslánin og myndi m.a. fá álit frá Húsnæðisstofnun ríkisins hvernig einstakir hópar námsmanna standi að vígi gagnvart húsnæðislánakerfinu þegar þeir koma frá námi með námslánaskuldir á bakinu.

3% vextir á námslán.

Valgerður Sverrisdóttir benti á að námslán nú bæru ekki vexti en þau væru verðtryggð. Verðtrygging stuðlaði að því að námsmenn greiddu jafnvirði námslána til baka eða jafnvirði þeirra upphæða sem þeir fengu að láni. Það hlýti að gegna allt öðru máli um vexti því að þeir væru leigugjald sem lántaki borgaði þegar lánveitandi gerði kröfur til arðsemi þess fjár sem hann léti af hendi. Það væri kannski eðlilegt út af fyrir sig að ríkisvaldið gerði kröfur til arðsemi þess fjár sem varið væri til námsaðstoðar en reyndin væri hins vegar sú að hin sanna arðsemi námsaðstoðar endurspegladist ekki í ársreikningum Lánasjóðsins heldur skilaði hún sér beint í þjóðfélagið því til eflingar. Það mætti ekki gleyma því að námslán væru lán ætluð til framfærslu námsmanna. Um slík framfærslulán hlýtu að gilda aðrar grundvallarforsendur en um lán sem ætluð væru til fjárfestinga.

Kristín Einarsdóttir benti á að tekið væri fram í greinargerð að námslán væru ekki í samræmi við það sem almennt tíðkaðist í þjóðfélaginu. Hún sagði að slíkt væri ekki sambærilegt því að ekki væri verið að tala um fjárfestingarlán heldur framfærslulán og ekki væri eðlilegt að þeir sem tækju lán til að mennta sig borguðu af því vexti eins og af fjárfestingarláni. Ef talað væri á annað borð um fjárfestingu í þessu sambandi væri menntun fjárfesting fyrir þjóðfélagið. Það mætti alls ekki bera námslán saman við önnur lán á markaðnum, t.d. húsnæðislán.

Steingrímur Hermannsson taldi 3% vexti á námslán vera háa vexti sem myndu íþyngja námsmönnum óeðlilega á greiðslutímanum.

Finnur Ingólfsson lýsti sig algerlega mótfallinn vaxtatöku af námslánnum, og taldi að vaxtaleysi námslána væri framlag ríkisins til menntunar í landinu. Ef menn vildu hafa það sjónarmið að leiðarljósi þá væri eðlilegt að þeir sem komi ekki heim að loknu námi erlendis endurgreiði lán sín ekki með 3% vöxtum heldur markaðsvöxtum. Það mætti líka hugsa sér að þessir aðilar greiddu lán sín á skemmri tíma en þeir sem kæmu aftur heim.

Ólafur Þ. Þórðarson taldi að þeir námsmenn erlendis sem ekki kæmu aftur heim greiddu lán sín aftur með vöxtum, vegna þess að það væri óeðlilegt að sum ríki léku það að veita lélegan stuðning við námsmenn en borga menntamönnum há laun og gætu þannig raunverulega keypt menntamenn frá öðrum löndum inn í efnahagslíf sitt.

Svavar Gestsson taldi að það ætti ekki að taka vexti af námslánnum. Ef ákvæðið yrði inni í frumvarpinu þá ætti orðalag þess að vera að námslán skyldu bera allt að 3% vexti, þannig að hægt væri að lækka vextina ef markaðsvextir yrðu lægri en 3%.

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra kvað þetta vera sjónarmið út af fyrir sig. Það

gæti komið til greina að miða vextina við t.d. einhvern tiltekinn hluta vaxta sem greiðast af ríkisskuldabréfum, t.d. hálfan hluta eða þriðjung þeirra vaxta, og fannst að það kæmi til greina að menntamálanefnd athugaði það.

Steingrímur J. Sigfússon sagði að frumvarpið kvæði á um að 3% vextir reiknuðust frá námslokum sem þýddi væntanlega að menn tækju til við að greiða vexti í reynd frá og með þeim degi sem náminu lyki þótt afborganir af höfuðstól lánsins kæmu ekki til greiðslu fyrir en að einu ári liðnu. Námslán ættu ekki að bera vexti. Þetta væru félagsleg lán og þar af leiðandi grundvallaratriði að þau bæru ekki vexti. Ef hægt er að tala um fjárfestingu í menntun þá væri sú fjárfesting fyrst og fremst fyrir þjóðfélagið.

Ólafur G. Einarsson sagði að samkvæmt frumvarpinu væru vextir greiddir ásamt afborgunum á gjalddögum. Áréttingu í frumvarpinu um að reikna bæri vexti frá námslokum bæri frekar að líta á sem áréttingu þess að námslán væru vaxtalaus á námstíma.

8. gr.

Námslán skal endurgreitt með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana, jafngreiðslulán, að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu.

Árleg endurgreiðsla ákvarðast í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimt er á fyrri hluta ársins, óháð tekjum, og hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimt er á síðari hluta ársins og er háð tekjum fyrra árs.

Fasta árgreiðslan nemur fjórðungi árgreiðslu skv. 1. mgr. en viðbótargreiðslan nemur eftirstöðvum árgreiðslu skv. 1. mgr., þó þannig ákvörðuð að heildarárgreiðslan sé að hámarki 4% af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári.

Ákvæði 3. mgr. gilda um afborganir af skuldabréfinu fyrstu fimm árin. Við næstu afborganir skal fastagreiðslan nema helmingi árgreiðslu skv. 1. mgr. og heildarárgreiðslan nema að hámarki 8% af útsvarsstofni ársins á undan.

Það sem ekki greiðist af árgreiðslu skv. 1. mgr. vegna ákvæða 3. og 4. mgr. um hámark árlegrar endurgreiðslu leggst við höfuðstól lánsins. Verði eitthvað ógreitt eftir að greitt hefur verið í fjórfaldan námstíma greiðir skuldari hámarksgreiðslu skv. 4. mgr. þar til skuldin er að fullu greidd.

Óski lánþegi eftir því að greiða fulla árgreiðslu skv. 1. mgr. skal hann tilkynna það skriflega til Lánasjóðs.

Skuldara ber á hverjum gjalddaga að greiða kostnað af innheimtu hvernar greiðslu.

Hundraðshlutinn, sem ákvarðar hámark árlegrar endurgreiðslu skv. 3. og 4. mgr., skal margfaldaður samkvæmt hlutfallslegri breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu skv. 1. mgr., að hluta eða öllu leyti, ef skyndilegar og verulegar breytingar verða á högum skuldara, t.d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórn sjóðsins er enn fremur heimilt að veita undanþágu frá árgreiðslu skv. 1. mgr. ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

Skuldari, sem sækir um undanþágu skv. 7. mgr., skal leggja fyrir sjóðstjórn ítarlegar upplýsingar um eignir sínar, lífeyri og önnur atriði er stjórnin telur máli skipta.

Heimilt er að endurgreiða lán örar en mælt er fyrir í þessari grein.

Stytting lánstíma.

Valgerður Sverrisdóttir sagði að það kæmi undarlega fyrir sjónir að reglur um lengd lánstíma væru settar samhliða því sem tekjutengt þak væri sett á endurgreiðslunar. Þetta þýddi það í raun að slík viðmiðun myndi alltaf veða til lækkunar greiðslubyrði þannig að þeir sem hefðu mjög háar tekjur og hefðu ekki þurft á lánnum að halda nema í stuttan tíma væru langt frá því að greiða það hlutfall sem tekjutengda þakið gerði ráð fyrir.

Kristín Einarsdóttir taldi lánstímann, fjórfaldan eðlilegan námstíma, allt of stuttan fyrir marga.

Steingrími Hermannssyni fannst að fjórfaldur námstími orkaði tvímælis og sú spurning vaknaði hvers vegna það væri nauðsynlegt þegar 8% af brúttótekjum væri krafist. Fjórfaldur námstími gæti og verið of langur í sumum tilvikum, t.d. þegar maður í fimm ára námi tæki lán í eitt ár.

Finnur Ingólfsson taldi að frumvarpið myndi ef það yrði að lögum leiða til óbærilegrar greiðslubyrði fyrir námsmenn að námi loknu og varpaði fram þeirri hugmynd hvort rétt væri að tvískipta endurgreiðslum, t.d. með þeim hætti að fyrstu 25 ár væri endurgreiðslan tekjutengd það tímabil. Meginþorri námsmanna myndi vera búinn á þessu tímabili að greiða upp sín lán. Eftir 25 ár yrði sú skuld sem ógreidd væri gjaldfæld og breytt um fyrirkomulag þannig að það yrði tekið upp svokallað jafngreiðslulán til 15 ára. Með þessum hætti væri hægt að tryggja 100% endurheimtu lánsfjár til sjóðsins. Það mætti einnig hugsa sér að þeir sem hafi hærri tekjur greiði hærri prósentu.

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra taldi að þessi leið gæti hugsanlega komið til greina ef sömu markmið næðust og sett hefðu verið fram með frumvarpinu. Hann væri búinn að óska eftir því að þetta yrði reiknað út og að menntamálanefnd tæki þetta til sérstakrar athugunar. Ennfremur teldi hann sjálfsagt að athuga harðari endurgreiðslur námsmanna sem settust að erlendis að loknu námi þar.

Óssur Skarphéðinsson nefndi fyrirkomulagið í Svíþjóð. Þeir námsmenn þar sem settust að erlendis að loknu námi greiddu lánin hraðar niður en aðrir sem kæmu heim. Það hann menn að ihuga hvort hægt væri að beita einhverju svipuðu hér á landi.

Steingrímur J. Sigfússon sagði að hertar endurgreiðslureglur og vextir og reyndar ýmsar aðrar ráðstafanir gerðu aðstöðu námsmanna hér á landi mjög erfiða. Athugandi væri sú hugmynd varðandi endurgreiðslu að þeir námsmenn erlendis sem tækju ákvörðun um að dvelja erlendis eftir nám gætu þurft að standa frammi fyrir þeirri ákvörðun í leiðinni að þurfa að endurgreiða lán með öðrum og e.t.v. eitthvað skarpari hætti heldur en þeir sem ynnu hér heima.

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra svaraði gagnrýni um að afmörkuð lengd námstíma og tekjutengt þak færi illa saman. Sagði hann að þessi gagnrýni hafi líka borist frá námsmönnum og þeir hafi bent á að þetta gæti orðið til þess að lengja lánin og minnka greiðslubyrði þeirra sem hafa tiltölulega háar tekjur. Hafi hann óskað eftir því að menntamálanefnd athugi þetta.

Endurgreiðsluprósentu:

Rannveig Guðmundsdóttir sagði að endurgreiðsluhlutfallið, fyrst 4% og svo 8%, væri fyrst og fremst hugsað sem öryggisnet sem ætti aðallega við gagnvart þeim tekjulægri á meðan sú staða gæti komið upp að þeir tekjuhærri næðu ekki þeirri sömu prósentuviðmiðun á endurgreiðslutímanum. Þannig myndu t.d. ákveðnir hópar mjög líklega lenda í hámarksprósentu allan endurgreiðslutímann meðan þeir sem stunda lengra nám, t.d. verkfræði eða læknisfræði, myndu fá lengri endurgreiðslutíma og búa að líkindum við mun hærri tekjur að námi loknu og þar með gæti endurgreiðsla þeirra orðið undir 4% eða 8% af þeirra útsvarstofni. Það mætti velja því fyrir sér hvort réttlátt væri að þeir tekjulægri lentu í því að greiða alltaf skv. hámarksprósentuviðmiðun en tekjuhærri stéttir næðu e.t.v. ekki nema helmingnum af viðmiðun. Ef það væri ekki réttlátt vaknaði sú spurning hvort

ætti e.t.v. að setja prósentuviðmiðun framfar árafjöldanum þegar svo bæri undir. Með því væri hægt að líta á prósentuviðviðmiðunina sem öryggisnet.

Steingrímur Hermannsson taldi að hækka mætti endurgreiðslukröfu eitthvað, úr 3,75% í t.d. 4%, og halda henni. Síðan kæmi til greina að athuga breytingu eftir ákveðinn árafjölda, t.d. eftir 20-25 ár, og þá yrði greiðslubyrðin eitthvað þyngd til þess að tryggja meiri endurgreiðslur.

Össur Skarphéðinsson sagði að of harðar endurgreiðslur væru hvetjandi fyrir námsmenn að taka upp varanlega búseti erlendis þar sem launakjör væru hærrí og betri og jafnframt auðveldra að komast inn í húsnæðiskerfið. Litist honum vel á tillögur sem komið hafa úr hópi námsmanna um tekjutengt endurgreiðsluhlutfall. Hann taldi slæmt að það kerfi sem lagt er til í frumvarpinu gerði mörgum menntamönnum með meðaltekjur örðugt að komast inn í húsnæðiskerfið.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir taldi 8% endurgreiðsluhlutfall of hátt, ekki síst fyrir hina tekjulægri.

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra sagði vegna fyrirspurnar Steingrímur Hermannssonar hvort niður féllu eftirstöðvar lána við 67 ára aldur, sbr. töflur sem fylgja frumvarpinu t.d. varðandi hjúkrunarfræðinga, að um þetta væru ekki ákvæði í frumvarpinu. Almenna reglan væri sú að öll lán ættu að greiðast upp. Stjórn sjóðsins hefði aftur á móti viðtækar heimildir til að taka tillit til sérstakra ástæðna og veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu lána ef fjárhagsstaða skuldara breyttist verulega. Til gæti komið að eftirstöðvar lána við 67 ára aldur falli niður en til þess þyrfti atbeina stjórnarinnar.

Svavar Gestsson benti á að það hlyti að vera villa í 8. mgr. 8. gr., þar hlyti að eiga að standa að fjárhæðin sem ákvarði margfaldist með breytingum á lánsklaravísitölu. Hann hafi ekki betur séð en um beina villu væri að ræða og bað hann menntamálaráðherra og menntamálanefnd að taka það til athugunar.

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra sagði það vel geta verið og óskaði eftir því að menntamálanefnd athugaði það sérstaklega.

10. gr.

Verði á endurgreiðslutíma námslána breyting á skattalögum þannig að veruleg breyting verði á því er telst útsvarsstofn frá því sem nú er skal hámark árlegrar endurgreiðslu skv. 8. gr. reiknað af stofni sem nefnd þriggja manna ákveður. Skal nefndin þannig skipuð að menntamálaráðherra tilnefni einn nefndarmann, fjármálaráðherra annan en ríkisskattstjóri skal vera formaður nefndarinnar. Skal nefndin leitast við að setja reglur um útreikning endurgreiðslustofns sem geri hámark árlegrar endurgreiðslu hvers skuldara sem líkast því og orðið hefði að óbreyttum skattalögum.

Sé skattþega áætlaður útsvarsstofn skal miða við hann. Komi í ljós að útsvarsstofn hafi verið of hátt áætlaður eða oftalinn og lánþegi því innt af hendi of háa greiðslu skal honum endurgreidd hin ofgreidda fjárhæð með þeim vöxtum sem á hverjum tíma eru reiknaðir af venjulegum sparisjóðsinnstæðum.

Sé lánþegi á endurgreiðslutímanum ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að telja fram tekjur sínar til Lána-sjóðs og yrði hámark árlegrar endurgreiðslu ákveðið í samræmi við það. Geri hann það ekki eða telja verði framtal hans ósennilegt og ekki unnt að sannreyna útsvarsstofn samkvæmt því verður árleg endurgreiðsla hans ákveðin skv. 1. mgr. 8. gr.

Svavar Gestsson taldi að námsmenn ættu að eiga fulltrúa í nefnd þeirri sem ákvæðið nefnir.

Ólafur G. Einarsson sagði þessa grein vera nánast samhljóða og í gildandi lögum og spurning væri hvort þörf væri á breytingu.

12. gr.

Sé námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að dómi sjóðstjórnar að stunda nám sitt að fullnýttri lánsheimild má veita honum aukalán úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bóttum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingalöggjöf. Lán þessi eru veitt með sömu kjörum og almenn námslán.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita venjuleg skuldabréfalán sem séu verðtryggð og beri vexti sem eru sambærilegir við almenna útlánavexti banka á hverjum tíma. Vextir skulu reiknast frá útborgun láns. Lánstími skal að hámarki vera 10 ár. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um veitingu lána samkvæmt þessari málsgrein.

Almenn skuldabréfalán.

Valgerður Sverrisdóttir var efins að það væri eðlilegt að Lánasjóðurinn hefði það hlutverk að veita almenn skuldabréfalán.

Steingrímur Hermannsson taldi það spurningu með verkefni sjóðsins að veita almenn skuldabréfalán og væri gott að vita hvernig sú framkvæmd væri hugsuð og hver kjör slíkra skuldabréfa myndu verða.

Árni M. Mathiesen sagði hugmynd um útgáfu almennra skuldabréfa vera komna til þess að auka möguleika sjóðsins á aðstoð við námsmenn með lengri lánnum á þessu formi heldur en venjulegar lánastofnanir almennt lánuðu. Það væri ekki almennt t.d. að hægt væri að fá 10 ára skuldabréf í banka eða sparisjóði.

Finnur Ingólfsson spurði til hvers þessi skuldabréf væru ætluð. Því væri lýst að þau ættu að vera á sömu kjörum og úr banka. Hann spurði af hverju bankakerfið yrði ekki nýtt í þessum efnum.

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra svaraði því til að bankakerfið byði ekki upp á almenn skuldabréfalán til svo langs tíma sem hér væri heimilað. Ef það kæmist hins vegar á væri athugandi að fella þessa heimild niður og fela bönkunum um slíkar lánveitingar.

Svavar Gestsson sagði að sér sýndist að með þessari heimild væri verið að gefa mönnum vonir sem ekki væri hægt að standa við vegna þess að sjóðurinn yrði krappur af fjármunum. Hann lagði til að heimildin yrði felld út.

13. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ákveða að námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda nám hérlendis, hafi rétt til námslána samkvæmt lögum þessum með sama hætti og íslenskir námsmenn enda njóti þeir ekki aðstoðar frá heimalandi sínu.

Einnig er heimilt að láta ákvæði þessarar greinar taka til einstakra annarra erlendra ríkisborgara njóti íslenskir námsmenn sambærilegra réttinda í heimalandi þeirra.

Valgerður Sverrisdóttir taldi að ákvæðið fæli í sér valdframsal frá ráðherra til sjóðsstjórnar. Stjórn væri falið vald til að ákvarða lánsrétt erlendra ríkisborgara sem legðu stund á nám á Íslandi. Þetta vald hefði áður verið á hendi ráðherra.

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra sagði það vera rétt að verið væri að þrengja að lánsrétti þeirra erlendu ríkisborgara sem ekki eru frá Norðurlöndunum. Það væri sitt mat að eðlilegt væri að hafa þetta vald hjá sjóðsstjórn en ekki ráðherra.

Kristín Einarsdóttir spurði hvort heimilt væri að mismuna námsmönnum frá Norðurlöndum og erlendum námsmönnum eins og væri gert í ákvæðinu ef af Evrópska efnahagssvæðinu yrði.

16. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

Sjóðstjórn setur reglur um önnur atriði er greinir í lögum þessum og reglugerð skv. 1. mgr. Stjórnin gefur árlega út þessar reglur sem skulu samþykktar af ráðherra.

Sjóðstjórn er heimilt, ef hagsmunasamtök námsmanna óska eftir, að draga félagsgjald frá láni enda komi ósk námsmanns þar að lútandi fram á lánsúmsókn.

Valgerður Sverrisdóttir taldi að ákvæðið fæli í sér valdframsal frá ráðherra til sjóðsstjórnar. Ráðherra væri skv. frumvarpinu heimilt að setja reglugerð um nánari útfærslu laganna en skylt skv. núgildandi lögum. Eins og fram kæmi í greinargerðinni með frumvarpinu væri markmiðið það að minnka þörf fyrir setningu reglugerða og auka þess í stað vald sjóðsstjórnar frá því sem nú væri.

Þá væri sjóðsstjórninni falið það vald sem ráðherra hafði áður með heimild til að ákvarða samkvæmt óskum hagsmunasamtaka námsmanna að draga félagsgjöld frá láni námsmanna.

Ólafur G. Einarsson sagði að í 16. gr. frumvarpsins væri kveðið á um að reglur sem stjórn gæfi út árlega skyldu samþykktar af ráðherra og ráðherra væri heimilt að setja reglugerð um frekari framkvæmd laganna. Í ákvæðinu kæmi fram hið óskoraða forræði ráðherra yfir stofnuninni, hann hafi óskorað vald innan ramma laganna.

Varðandi greiðslu félagsgjalda kæmi fram í þessu frumvarpi að réttur þeirra einstaklinga sem taka lán úr sjóðnum, það þætti ekki rétt að skylda nokkurn þann, sem þyrfti að taka námslán, til að greiða af lánum sínum til félagssamtaka án hans samþykkis.

18. gr.

Ef skuldari samkvæmt lögum þessum er jafnframt að endurgreiða námslán samkvæmt lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum getur hann annaðhvort greitt samkvæmt þeim lögum óháð og til viðbótar endurgreiðslum samkvæmt þessum lögum eða hann getur sameinað eldri skuld á skuldabréf sem hann gefur út samkvæmt þessum lögum og endurgreitt alla skuldina samkvæmt því, þó þannig að vextir reiknist eingöngu af lánum teknum samkvæmt þessum lögum.

Kristín Einarsdóttir benti á að þeir sem myndu skulda skv. hinum nýju reglum ef frumvarpið yrði að lögum og skulduðu auk þess eldri lán, þá væri gert ráð fyrir því að þeir

greiddu það til viðbótar. Þetta gæti þýtt að endurgreiðslan væri verulega aukin, og gæti mest orðið um 11,75%, sem væri verulega hærra en hér væri talað um, eða þá greitt allt lánið samkvæmt hinum nýju reglum, sem myndi stytta endurgreiðslutímamann verulega.

Svavar Gestsson sagði að reglan þýddi að námsmaður sem tekið hefði lán á undanförunum árum og væri að taka lán í ár eftir gamla kerfinu yrði að breyta því láni yfir í lán samkvæmt nýja kerfinu. Eða hann gæti borgað 3,75% af tekjunum sínum fyrir gamla lánið og 8% af tekjunum sínum fyrir nýja lánið. Menn væru með öðrum orðum neyddir til þess að velja milli þess að greiða 8% af allri summunni, líka gamla láninu, eða 11,75% af tekjunum sínum fyrir bæði lánin.

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra kvaðst hafa óskað eftir því við menntamálanefnd að hún athugaði sérstaklega þessa grein.

Afnám námsstyrkja.

Valgerður Sverrisdóttir sagði að tillagan um að fella niður námsstyrki, en efla þess í stað Vísindasjóð til þess að veita þá, kallaði á breyttar úthlutunarreglur Vísindasjóðs. Ráðherra hafi boðað að hann myndi sennilega leggja fram frumvarp um Vísindasjóð en það hafi ekki verið lagt fram enn.

Kristín Einarsdóttir taldi að ef Vísindasjóður ætti að taka að sér að styrkja nemendur til náms þá yrði að efla sjóðinn. Það benti hins vegar ekkert til þess sérstaklega í fjárlögum fyrir árið 1992. Það þyrfti að koma fram vita hvaða upphæðir væri hér verið að tala um og fyrir hverja styrkirni væru.

Steingrímur Hermannsson taldi að það yrði að koma fram hvað ætlunin væri að Vísindasjóður gerði, hvernig hann yrði eflur og hvað mikið fjármagn rynni til hans.

Guðrún Helgadóttir taldi ekki hægt að breyta lögum um Lánasjóðinn með því að gera ráð fyrir að Vísindasjóður yrði eflur. Það væri ekki nógu haldbært.

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra svaraði að það lægi ekki fyrir hvernig Vísindasjóður ætti að úthluta námsstyrkjum. Það hafi verið rætt við stjórn Vísindasjóðs að taka þetta að sér, og það yrði að sjálfsögðu ekki gert nema með eflingu sjóðsins en ekki lægi enn þá fyrir hvernig það yrði gert.

Svavar Gestsson taldi útilokað að afgreiða málið öðru vísi en að fá tillögur um eflingu Vísindasjóðs, helst í frumvarpsformi.

Lífeyrisgreiðslur.

Valgerður Sverrisdóttir sagði að grundvallarbreytingin væri miðuð við gamla húsnæðiskerfið og kannski ekki ástæða til að gera veður út af því. En það tengdist því hvernig námsmenn eiga að fá aðgang að nýja húsnæðiskerfinu og verði eflaust að kalla til fulltrúa Húsnæðisstofnunar til umfjöllunar um málið í menntamálanefnd.

Svavar Gestsson taldi niðurfellingu lífeyrissjóðsgreiðslna skila í rauninni mjög litlu, um 35 millj. kr. á ári, og lagði til að ákvæðið verði fellt út.

Afnám ferðastyrkja.

Steingrímur J. Sigfússon taldi að það ætti að taka beinlínis fram að ferðakostnaður gæti í vissum tilvikum verið lánshæfur. Það kæmu í grófum dráttum tvær aðferðir til greina í því sambandi. Annars vegar að reikna út hver ferðakostnaður sé að meðaltali hjá námsmönnum og lána svo út á það yfir alla heilu línuna eða hins vegar að sannanlegur og útlagður ferðakostnaður væri með einhverjum hætti tekinn til greina. Það væri betra en að fella niður ákvæði um ferðakostnað og segja þess í stað í greinargerð að það væri út af fyrir sig ekkert sem banni stjórninni að taka tillit til ferðakostnaðar.

Lán til skólagjalda.

Kristín Einarsdóttir velti því upp hvort búið væri að reikna með því að veita lán til skólagjalda almennt, og þá með tilliti til skólagjalda við Háskóla Íslands sem myndu lenda á Lánasjóðnum.

Steingrímur Hermannsson spurði um skólagjöld, hvort námsmenn væru útilokaðir frá námi þar sem þau væru há. Ekki hafi beinlínis fundist við yfirlestur frumvarpsins að skólagjöld yrðu ekki greidd, hvort það væri líka á valdi sjóðsstjórnar.

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra svaraði að ákvörðun um þetta hafi ekki verið tekin og það yrði ekki gert fyrr en þetta frumvarp hafi verið afgreitt. Honum þætti þó líklegt að lánað yrði vegna skólagjalda við Háskóla Íslands.